

staðfesta hinn áfrýjanda dóm. Akærða ber einnig að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns þar, 10 kr. til hvors þeirra.

Það hefur orðið nokkur dráttur á rekstri málsins í hjerði, en hjeráðsdómariinn hefur nægilega rjettlætt hann, og vottast því, að rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus. Sókn og vörn fyrir yfirdómi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjandi dómur á að vera óraskaður Ákærði Ágúst Jónsson greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og cand. jur. Halldórs Bjarnasonar, 10 kr. til hvors þeirra. Ídæmd iðgjöld lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 12/1898:

Rjettvísinn
gegn
Magnúsi Jenssyni.

D ó m u r:

Með aukarjettardómi Suður-Múlasýslu, upp-
kveðnum 27. sept. f. á., var hinn ákærði Magnús
Jensson dæmdur fyrir þjófnað til að sæta 6 daga
fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan
kostnað sakarinnar, þar með talin varnarlaun 4 kr.

til hins skipaða verjanda í hjerði. Í forsendum dómsins segir, að ákærði eigi að greiða kaupmanni Gísla Hjálmarssyni 7 kr. í endurgjald fyrir hina stolnu muni, sem virtir höfðu verið, en ákvæði um þetta hefur eigi verið tekið upp í dómsniðurlagið. Dómi þessum hefur verið skotið til yfirdómsins af hlutadeigandi amtmanni.

Það er með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum í málinu nægilega sannað, að hann hafi í janúarmán. í fyrra stolið úr kjallara frá Gísla kaupmanni Hjálmarssyni á Nesi 20 pottum af steinölu, 1 pd. af tóbaki, 1 bjór af haustlambi, einni skjólu af þyrsklingi og einu austurtrogi af salti; hann fór þrívegis í kjallarann á fárra daga bili, og stal þá þessum munum. Ákærði var vinnumaður hjá Gísla Hjálmarssyni, og hafði lykil að kjallaranum, en annars hefur hann skýrt svo frá, að kjallarinn hafi verið opinn, er hann fór í hann. Steinolfan, tóbakið og haustlambsbjórinn hefur verið virt á 7 kr., en þyrsklingurinn og saltið hefur eigi verið virt. Hinum stolnu munum varði hann ýmislega í sínar þarfir, og nokkuð af steinoliunni og þyrsklinginn segist hann hafa gefið móður sinni.

Hinn ákærði tjáist fæddur 12. jan. 1875, og hafa rjettarvottarnir í aukarjettinum vottað, að hann sje auðsjáanlega kominn yfir lögaldur sakamanna, en skírnarvottorð hans hefur eigi verið lagt fram í málinu. Hann hefur eigi áður verið ákærður eða sætt refsingu fyrir nokkurn glæp. Framantalið afbrot hans er af hjeræðsdómaranum rjettilega heimfært undir 230. gr. í alm. hegningarlögum 25. júní 1869, en með tilliti til þess, að

kærði stal frá húsbónda sínum, og að hann fór þrívægis hvað eptir annað í kjallarann til að stela, þykir verða að ákveða refsinguna fangelsi við vatn og brauð í 2×5 daga. Hinum ákærða hefur í hjerði eigi verið stefnt til iðgjaldagreiðslu, og í dómsniðurlagi aukarjettarins er eigi minnt á iðgjöld; svo er þeirra eigi heldur getið í stefnuni til yfirdómsins; það verður því eigi gefinn dómur fyrir iðgjöldum í þessu máli. Eptir þessum úrslitum verður ákærði að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í hjerði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda í hjerði, 4 kr., og málflytningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. fyrir hvorn þeirra.

Um rekstur málsins í hjerði athugast, að undirdómarinn hefur eigi lagt fram skírnarvottorð hins ákærða, eins og minnt hefur verið á hjer að framan, og verður þó eigi sjæð, að nein vandkvæði geti hafa verið á því fyrir hjeradsdómarann að útvega þetta vottorð, þar sem ákærði tjáist hafa alið allan aldur sinn í Norðfirði í Sudur-Múlasýslu. Svo hefur og liðið æðilangur tími, frá því rannsókn þessa óbrotna máls var lokið, 7. apríl f. á., og þau gæð til dómur gekk í því 27. sept. næst á eptir. Jafnframt og þetta athugast, vottast, að rekstur málsins í hjerði að öðru leyti hefur verið vitalaus, og að málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmiðst rjett vera:

Hinn ákærði Magnús Jensson sæti 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo greiði hann

og allan löglegan kostnað sakarinnar bæði í hjerði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda í hjerði, Magnúsar Magnússonar, 4 kr., og málflutningskaup til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, cand. jur. Hannesar Thorsteinson, og cand. jur. Halldórs Bjarnasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 16. maímánaðar.

Nr. 45/1897:

B. H. Bjarnason
gegn

Þorleifi Jónssyni.

D ó m u r:

Mál þetta var í hjerði höfðað af stefnda alþingismanni Þorleifi Jónssyni gegn áfrýjandanum kaupmanni í Reykjavík B. H. Bjarnasyni til greiðslu á borgun fyrir blaðið Þjóðólf og fyrir auglýsingar, er teknar voru upp í blaðið fyrir áfrýjanda, þegar stefndi var ritstjóri þess. Var málið dæmt í gestarjetti Reykjavíkur 23. ágúst f. á. með þeim úrslitum, að áfrýjandinn B. H. Bjarnason skyldi greiða stefnda Þorleifi Jónssyni 58 kr. 24 a. með 5% vöxtum frá stefnudegi 28. júlí f. á. til borgunardags, en málskostnaður skyldi falla niður. Þessum dómi hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 21. desbr. f. á., og krafizt þess hjer fyrir rjettinum, að gestarjettardóminum verði hrundið og honum breytt þannig, að áfrýjandi verði að eins dæmdur til að greiða stefnda